

2014 nr. 105 30. október**Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins**

Tóku gildi 7. nóvember 2014. EES-samningurinn: V. viðauki reglugerð 492/2011. Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og húsnæðismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi.

□ Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum. Ákvæði 2. og 3. þáttar I. kafla reglugerðarinnar skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyinga.

■ **2. gr.** Aðstandandi ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á íslenskum vinnumarkaði óháð þjóðerni.

□ Aðstandendur ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis skv. 1. mgr. eru:

- a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
- b. niðji hans og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
- c. ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri þeirra.

■ **3. gr.** Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint til-mælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Samtök atvinnulífsins annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

□ Komi upp ágreiningur um hvort fylgt sé ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

□ Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni auk fulltrúa skv. 1. mgr. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af ráðherra en fer með starfsmannamál ríkisins eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

□ Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launafólks eða atvinnurekenda en þau sem

kvæðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

■ **4. gr.** Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrir-mæli um framkvæmd eftirlits skv. 3. gr.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Króatíu fyrr en 1. júlí 2015. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 2. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjana á einstökum þáttum hennar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (kerfisbundin útgáfa) (Texti sem varðar EES) EVRÓPUBINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmedferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum⁽⁴⁾. Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.

2) Frjáls för launafólks skal vera tryggð innan Sambandsins. Þetta felur í sér afnám allrar mismununar launafólks í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum, auk réttar þessa launafólks, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði, til að hafa frelsi til að fara um innan Sambandsins í því augnamiði að starfa sem launþegi.

3) Mælt skal fyrir um ákvæði til að unnt sé að ná markmiðunum sem sett eru fram í 45. og 46. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og fjalla um frjálsa för launafólks.

4) Frjáls för telst til grundvallarréttinda launafólks og fjölskyldna þeirra. Tryggja ber óheftan hreyfanleika vinnu-afls innan Sambandsins sem einn af þeim möguleikum sem launafólk hefur til að bæta lífskjör og vinnuskilyrði sín og einnig félagslega stöðu sína, auk þess sem efnahagslíf í aðildarríkjunum er eftt með þeim hætti. Staðfesta skal rétt alls

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 44, 11.2.2011, bls. 170.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 7. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. mars 2011.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2.

⁽⁴⁾ Sjá I. viðauka.

launafólks í aðildarríkjunum til að starfa innan Sambandsins á þeim sviðum sem það hefur kosið sér.

5) Launafólk sem er í fastri vinnu, vinnur við árstíðabundin störf eða sækir vinnu yfir landamæri, svo og þeir sem sinna þjónustustörfum, skulu njóta slíks réttar án mismununar.

6) Rétturinn til frjálsrar farar felur í sér, eigi að virða hann á hlutlægan hátt með frjálsræði og reisu, að launafólk hljóti jafna meðferð í raun og að lögum hvað varðar öll málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu og húsnæðismálum, jafnframt því sem öllum hindrunum gegn hreyfanleika launafólks skal rutt úr vegi, einkum þeim er varða þau skilyrði sem sett eru fyrir komu fjölskyldna launafólks til gítilandsins.

7) Meginreglan um bann við mismunun að því er varðar launafólk innan Sambandsins felur í sér að allir ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti sömu réttinda til vinnu og innlent launafólk.

8) Ráðstöfun lausra starfa, einkum með beinni samvinnu milli helstu vinnumiðlana og einnig milli svæðisbundinna vinnumiðlana, jafnframt því að samræma upplýsingaskipti, tryggir skýrari heildarmynd af vinnumarkaðinum. Launafólk sem hyggur á flutninga ætti einnig að geta fengið reglulega upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði.

9) Náin tengsl eru á milli frjálsrar farar vinnuafis, atvinnu- málá og starfsmenntunar, einkum þar sem markmiðið með því síðastnefnda er að gera launafólki kleift að taka atvinnu- tilboðum annars staðar í Sambandinu. Vegna þessara tengsla er nauðsynlegt að vandamál sem upp kunna að koma séu ekki lengur skoðuð hvert í sínu lagi heldur metin með hliðsjón hvert af öðru auk þess sem tillit skal tekið til atvinnuástands á viðkomandi svæði. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að aðildarríkin beini kröftum sínum að því að samræma atvinnu- stefnu sína innan Sambandsins.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. kafli. Atvinnumál, jöfn meðferð og fjölskyldur launafólks

1. þáttur. Aðgangur að atvinnu

■ **1. gr.** 1. Sérhver ríkisborgari aðildarríkis skal, óháð búsetustað, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnslufyrirmælum er gilda um atvinnumál ríkisborgara aðildarríkisins.

□ 2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

■ **2. gr.** Sérhver ríkisborgari aðildarríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkis geta skipt á umsóknnum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og gert ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga og stjórnslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

■ **3. gr.** 1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

a) þar sem þau takmarka umsóknir um og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að hefja og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða

b) þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra aðildarríkja frá atvinnu sem stendur til boða, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Ákvæði fyrstu undirgreinar á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

□ 2. Þetta skal einkum taka til þeirra ákvæða eða starfsvenja aðildarríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara,

b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum um laus störf eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur með starfsemi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis,

c) binda aðgang að atvinnu við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

■ **4. gr.** 1. Ákvæði í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkis sem takmarka fjölda eða hundradshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, atvinnugrein eða á tilteknu svæði, eða á landsvísu, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja.

□ 2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í aðildarríki er bundin við tiltekið lágmarkshlutfall innlends launafólks skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja taldir innlendir starfsmenn, samkvæmt ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽⁵⁾.

■ **5. gr.** Ríkisborgari aðildarríkis sem leitar sér atvinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

■ **6. gr.** 1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins aðildarríkis í stöðu í öðru aðildarríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem hefur mismunun í för með sér vegna þjóðernis hans í samanburði við ríkisborgara aðildarríkisins sem gegna sama starfi.

□ 2. Ríkisborgari, sem hefur fengið persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru aðildarríki en sínu eigin, getur þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

2. þáttur. Atvinna og jöfn meðferð

■ **7. gr.** 1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars aðildarríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

□ 2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlent launafólk.

□ 3. Hann skal einnig með skírskotun til sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlent launafólk að þjálfun í skólum er veita starfsmenntun og endurmenntunarskólum.

□ 4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum, sem varða aðgang að atvinnu, starfskjör og önnur starfskilyrði eða uppsögn, eru ógild að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila

⁽⁵⁾ Stjótt. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

mismunun launafólks sem er ríkisborgarar annarra aðildarríkja.

■ **8. gr.** Launþegi, sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal njóta jafnrar meðferðar að því er varðar aðild að stéttarfélagum og njóta þess réttar er hún veitir, þ.m.t. rétturinn til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- eða stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið. Það má meina honum að eiga sæti í stjórnun sem lúta opinberum rétti eða að gegna stöðu sem er bundin af opinberum rétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði starfsmanna við fyrirtækið.

Ákvæði fyrstu málsgreinar þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum aðildarríkjum sem veita launafólki sem kemur frá öðrum aðildarríkjum meiri rétt.

■ **9. gr.** 1. Launþegi sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlent launafólk að því er varðar húsnæði, þ.m.t. eignarréttur á húsnæði sem hann þarf á að halda.

□ 2. Launþegi sem um getur í 1. mgr. getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttdina.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlent launafólk njóti svipaðra fríðinda.

3. þáttur. Fjölskyldur launafólks

■ **10. gr.** Börn ríkisborgara aðildarríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu eiga rétt á almennri menntun í því ríki, námi á náms- samningi og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. kafli. Ráðning í lausar stöður og atvinnuumsóknir

1. þáttur. Samvinna á milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina

■ **11. gr.** 1. Aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnumálum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar fyrir frjálsa för vinnuafns innan Sambandsins.

Helstu vinnumiðlanir í aðildarríkjunum skulu eiga náð samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina með það í huga að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan Sambandsins og ráðstöfun starfa í kjölfarið.

□ 2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og hafa samráð sín á milli og við deildir framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal framkvæmdastjórnin birta nákvæmar upplýsingar um þær í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

■ **12. gr.** 1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa för og atvinnumál launafólks og upplýsingar um stöðu og þróun atvinnumála.

□ 2. Framkvæmdastjórnin skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar sem um getur í 29. gr. (í þessari reglugerð nefnd „umsjónarnefndin“) ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu settar fram.

□ 3. Í samræmi við málsmeðferðina sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, skal þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar, sem um getur í 18. gr., upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launafólki frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum aðildarríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við það launafólk sem hlut á að máli.

2. þáttur. Ráðstöfun lausra starfa

■ **13. gr.** 1. Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar sem um getur í 18. gr.:

a) upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkjanna geta hugsanlega gegnt,

b) upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í þriðju löndum,

c) upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur formlega látið í ljós ósk um að starfa í öðru aðildarríki,

d) upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og atvinnugreinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálskrifstofa eins fljótt og kostur er.

□ 2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem evrópska samráðsskrifstofan, sem um getur í 18. gr., skal koma á fót í samvinnu við umsjónarnefndina.

Heimilt er að breyta þessu kerfi ef nauðsyn krefur.

■ **14. gr.** 1. Þar til bærar vinnumiðlanir viðkomandi aðildarríkja skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 13. gr., sem er tilkynnt til vinnumiðlana aðildarríkis, og vinna úr þeim.

Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda aðildarríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

□ 2. Viðkomandi vinnumiðlanir aðildarríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. innan hæfilegs frests sem ekki er lengri en einn mánuður.

□ 3. Vinnumiðlanir skulu veita launafólki sem er ríkisborgarar annarra aðildarríkja sama forgang og gert er ráð fyrir að innlendir ríkisborgarar njóta, með viðkomandi ráðstöfunum, í samanburði við launafólk sem er ríkisborgarar þriðju landa.

■ **15. gr.** 1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 14. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í aðildarríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir aðildarríkis:

i. á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 13. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og manna laus störf og atvinnuumsóknum,

ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:

— starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega,
 — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til,
 — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er,

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri aðildarríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og manna laus störf og atvinnuumsóknum.

Ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta veitt:

— notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar hreyfanleika og hægt er, og aðilum vinnu- markaðarins, félagsþjónustu (m.a. opinberri eða einkarekinni eða þjónustu sem snertir almannahagsmuni) og öllum viðkomandi stofnunum samþættar ráðstafanir er tengjast hreyfanleika,

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

□ 2. Aðildarríkin sem hlut eiga að máli skulu senda framkvæmdastjórninni skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. og skal framkvæmdastjórnin birta þessa skrá til upplýsingar, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

■ 16. gr. Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri aðildarríki gera sín á milli.

3. þáttur. Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum

■ 17. gr. 1. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, sem unnin er úr upplýsingum frá aðildarríkjunum, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða Sambandsins vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.

□ 2. Aðildarríkin skulu ásamt framkvæmdastjórninni kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar lausar stöður eru mannaðar til að leitast við að koma á jafnvægi milli lausra starfa og umsókna innan Sambandsins. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

□ 3. Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um framkvæmd II. kafla, þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnu- markaðarins í Sambandinu.

4. þáttur. Evrópska samráðsskrifstofan

■ 18. gr. Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir í lausar stöður og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar („evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að stuðla að því að manna laus störf á vettvangi Evrópusambandsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla undir

framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendir vinnu- miðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 12. og 13. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 11. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði Evrópusambandsins. Slíkum staðreyndum skal koma á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafarnefndina, sem um getur í 21. gr., og umsjónarnefndina.

■ 19. gr. 1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um:

a) að samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan Sambandsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launafólks sem af hljótaska,

b) að vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stigi stjórnsýslu og tækni,

c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, að safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að þjónustuskrifstofurnar geti mannað störf.

□ 2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

■ 20. gr. Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lög- bært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsergerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. kafli. Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa för launafólks og störf þess

1. þáttur. Ráðgjafarnefndin

■ 21. gr. Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frjálsa för launafólks og störf þess.

■ 22. gr. Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á:

a) að rannsaka mál er varða frjálsa för launafólks og atvinnumál innan ramma innlendir vinnu- málstefnu, með það að leiðarljósi að samræma stefnu aðildarríkjanna í atvinnu- málum innan Evrópusambandsins og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði,

b) að gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa,

c) að koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð,

d) að láta í té, hvort heldur sem er að beiddi framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsergerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launafólks milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til að efla starfsráðgjöf eða starfsþjálfun sem er líkleg til að auka frjálsa för og atvinnufrelsi, jafnframt um alla þá aðstoð sem launafólk og fjölskyldur þess eiga kost á, þ.m.t. félagsleg aðstoð og öflun húsnæðis fyrir launafólk.

■ 23. gr. 1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá

hverju aðildarríki, tveir skulu vera ríkisstjórnarfulltrúar, tveir skulu vera frá stéttarfélögum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

□ 2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

□ 3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Skipan þeirra skal vera endurnýjanleg.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði fulltrúar og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

■ **24. gr.** Ráðið skal skipa bæði fulltrúa og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum atvinnulífsins.

Ráðið skal birta til upplýsingar skrá með nöfnum fulltrúa og varamanna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

■ **25. gr.** Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar eða varamaður hans fer með formennsku í ráðgjafarnefndinni. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kveður hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. þriðjungs nefndarmanna.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

■ **26. gr.** Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa viðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launafólks að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

■ **27. gr.** 1. Álitsgerð ráðgjafarnefndarinnar telst ekki gild nema a.m.k. tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

□ 2. Álitsgerðir skulu rökstuddar og þær skulu samþykktar með hreinum meirihluta gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með álitni minnihlutans, fari hann fram á það.

■ **28. gr.** Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu álitni framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

2. Þáttur. Umsjónarnefndin

■ **29. gr.** Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

■ **30. gr.** Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á:

a) að stuðla að og bæta samvinnu milli þeirra stjórnvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa för launafólks og störf þess,

b) að móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða hlutaðeigandi opinberra yfirvalda,

c) að auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja hlutaðeigandi stjórnarsýsluaðila til að skiptast á upplýsingum og reynslu,

d) að kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

■ **31. gr.** 1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsýsjarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

□ 2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa – nefndarmanna eða varamanna – í ráðgjafarnefndina.

■ **32. gr.** Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar eða varamaður hans fer með formennsku í umsýsjarnefndinni. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaður og nefndarmenn geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

■ **33. gr.** Tillögur og álitsgerðir umsýsjarnefndarinnar skulu berast framkvæmdastjórninni og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitni einstakra fulltrúa umsýsjarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

■ **34. gr.** Umsýsjarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu álitni framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. kafli. Lokaákvæði

■ **35. gr.** Málsmeðferðarreglur ráðgjafarnefndarinnar og umsýsjarnefndarinnar sem eru í gildi 8. nóvember 1968 eiga áfram við.

■ **36. gr.** 1. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ákvæði stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu sem fjalla um aðgang að sérhæfðum störfum í kjarnorkuiðnaði, né heldur neinar þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessum sáttmála.

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þess hóps launafólks, sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þess, að svo miklu leyti sem réttarstaða þess ræðst ekki af ofangreindum sáttmála eða ráðstöfunum.

□ 2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 48. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

□ 3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar aðildarríkjanna vegna sérstakra sambanda eða framtíðarsamninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem voru fyrir hendi 8. nóvember 1968, eða samninga sem voru í gildi 8. nóvember 1968 við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launafólk frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara aðildarríkjanna geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna aðildarríkjanna.

■ **37. gr.** Aðildarríkin skulu í upplýsingaskyni senda framkvæmdastjórninni texta samkomulags, samninga eða samþykktar sem þau hafa gert sín á milli varðandi launafólk á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

■ **38. gr.** Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð fyrir framkvæmd hennar. Hún skal í þessu skyni eiga náð samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

■ **39. gr.** Stjórnunarkostnaður ráðgjafarnefndarinnar og umsýsjarnefndarinnar skal talinn með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópusambandsins sem varðar framkvæmdastjórnina.

■ **40. gr.** Reglugerð þessi gildir fyrir aðildarríkin og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2. og 3. gr.

■ **41. gr.** Reglugerð (EBE) nr. 1612/68 er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

■ **42. gr.** Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 5. apríl 2011.

I. viðauki. Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari

breytingar hennar

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 (Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2).

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 312/76 (Stjtið. EB L 39, 14.2.1976, bls. 2).

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2434/92 (Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77). Einungis 1. mgr.

38. gr.

II. viðauki. Samsvörunartafla . . .¹⁾

¹⁾ Sjá Stjtið. A 105/2014.